

Ársskýrsla
2004



Landsbankinn

Ársskýrsla 2004

Bankaráð:

Björgólfur Guðmundsson, formaður
Kjartan Gunnarsson, varaformaður
Andri Sveinsson
Einar Benediktsson
Þorgeir Baldursson

Bankastjórar:

Halldór J. Kristjánsson
Sigurjón Þ. Árnason

Endurskoðendur:

PricewaterhouseCoopers hf.

Hönnun:

Íslenska auglýsingastofan ehf.

Prentun:

Oddi hf.

Ljósmyndir:

Atli Már Hafsteinsson
Geir Ólafsson
Gunnar G. Vigfússon
Teitur Jónasson
Haraldur Jónasson
Hreinn Magnússon

Efnisyfirlit

Á farsælli braut	4
Bankaráð Landsbankans	5
Metár í sögu Landsbankans	6
Efnahagsumhverfi	8
Landsbankinn	10
Fyrirtækjasvið	10
Verðbréfasvið	12
Eignastýring	14
Sérbankþjónusta	15
Alþjóðasvið	16
Sölu- og markaðsmál	18
Útibúanet	20
Lögfræðisvið, útlánaeftirlit og útibúþjónusta	20
Rekstrarsvið	21
Starfsmannastefna og fræðslustarf	22
Upplýsingatækni	23
Áhættustýring	24
Dótturfélög	26
Heritable Bank í London	26
Landsbanki Luxembourg S.A.	27
SP-Fjármögnun hf.	28
Ársreikningur 2004	29
Lykiltölur Landsbanka Íslands	30
Lykiltölur úr rekstrarreikningi	31
Skýrsla og áritun bankaráðs og bankastjóra	32
Áritun endurskoðenda	33
Rekstrarreikningur ársins 2004	34
Efnahagsreikningur 31. desember 2004	35
Sjóðstreymi ársins 2004	36
Skýringar	37
Skipurit	50

Á farsælli braut

Árið 2004 var eitt hið farsælasta í íslenskrri efnahags sögu til þessa. Hagvöxtur var góður, atvinna næg, verðbólgu haldið í skefjum og kaupmáttur jókst. Rekstur fyrirtækja gekk almennt mjög vel og hlutabréfavisitala fyrirtækja í Kauphöll Íslands hækkaði mun meira en í nærliggjandi löndum. Þá óx íslenskum fyrirtækjum ásmegin í alþjóðlegri starfsemi. Á vettvangi fjármála bar hæst annars vegar aukin viðleitni banka til að færa starfsemi sína út fyrir strendur landsins og hins vegar harðnandi samkeppni banka sem einkum birtist í lækkun vaxta og stórbættri þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki.

Landsbankinn styrkti stöðu sína á árinu og er hann umsvifamestur íslenskra banka á sviði inn- og útlána á Íslandi. Innri vöxtur bankans var sögulegur þar sem efnahagsreikningur stækkaði meira á árinu en í marga áratugi þar á undan. Ásýnd Landsbankans eflidist enda hefur hann einsett sér að sýna samfélagslega ábyrgð og taka þátt í margvíslegum verkefnum sem öll eiga það sameiginlegt að efla menntir, listir og menningu og bæta mannlíf. Bankinn lætur sig varða málefni miðbæjarins í Reykjavík og er öflugasti stuðningsaðili íþróttanna í landinu. Hann er bakhjarl Listahátíðar í Reykjavík, Menningarnætur, Íslenska dansflokksins og styrkir útrás Sinfóníuhljómsveitar Íslands ásamt því að styðja ótal önnur verkefni. Þá leggur bankinn 170 ungum listamönnum til aðstoðu í listasmiðjunni Klink og Bank.

Öflugri og viðtækri starfsemi Landsbankans var vel tekið enda hækkaði gengi hlutabréfa í félaginu á árinu um 104%, meira en meðalgengi annarra fjármálafyrirtækja og verulega meira en meðalgengi fyrirtækja í Kauphöll Íslands.



Ljóst er að framtíð íslenskra fjármálafyrirtækja er falin í vaxandi alþjóðlegri starfsemi. Framtíðarsýn Landsbankans er að verða öflugur alþjóðlegur banki með djúpar íslenskar rætur. Starfsemi bankans á erlendri grundu jókst á síðasta ári. Dótturfyrirtækin í Bretlandi og Lúxemborg eflidust og erlendum verkefnum fyrirtækjaráðgjafar fjölgaði verulega. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að umfang starfsemi bankans á alþjóðavettvangi stóruækist á næstu árum.

Nú þegar tvö ár eru liðin frá því að Landsbankinn var einkavæddur er ljóst að bankinn er á farsælli braut. Starfsfólk og stjórnendur bankans hafa orðið vitni að miklum breytingum enda hefur hann styrkst til muna og eflst í mikilli innlendri samkeppni. Framundan eru áskoranir þar sem gott starfsfólk okkar mun takast á við aukna samkeppni hér heima og ekki síst á alþjóðlegum vettvangi. Víst er að umbrot síðustu tveggja ára eru aðeins upphafið að langri göngu í átt til nýrra viðhorfa og verkefna á nýrri öld.

Fyrir hönd fjárfesta í Landsbanka Íslands hf. vil ég þakka starfsfólki bankans og stjórnendum fyrir vel unnin störf á síðasta ári. Saman munum við ganga á vit nýrra tækifæra sem tryggja til framtíðar stöðu og styrk Landsbankans í alþjóðlegri samkeppni.

Björgólfur Guðmundsson
formaður bankaráðs Landsbanka Íslands hf.



Bankaráð Landsbankans

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs, fæddist 2. janúar 1941 og útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands. Hann starfaði í mörg ár sem forstjóri íslenska skipafélagsins Hafskips og síðar hjá öðrum skyldum fyrirtækjum erlendis. Eftir að hafa stjórnað drykkjarvörufyrirtækinu Pharmaco á Íslandi stofnaði hann Baltic Brewing og síðar annað fyrirtæki, Bravo Ltd, í Sankti Pétursborg í Rússlandi, sem hann ásamt félögum sínum seldi til Heineken International. Björgólfur er aðaleigandi Eddu útgáfu sem er öflugasta bókaútgáfa landsins. Hann var stjórnarformaður lyfja-fyrirtækisins Pharmaco um tíma og sat í stjórn Bravo Ltd. Hann var fyrst kosinn formaður bankaráðs Landsbankans í febrúar 2003 eftir kaup Samsonar eignarhaldsfélags ehf. á nær 45% eignarhlut í bankanum af íslenska ríkinu. Samson er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, Björgólfs Guðmundssonar og Magnúsar Thorsteinssonar. Björgólfur er mikilvirkur styrktaraðili menningar, íþróttar og æskulýðsmála og í janúar 2005 veitti forseti Íslands honum fálkaorðuna fyrir framlag sitt til viðskipta og menningar á Íslandi.

Kjartan Gunnarsson fæddist 4. október 1951 og lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands 1978 og námi við Varnarmálaháskóla norska Varnarmálaráðuneytisins 1980. Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins síðan 1. október 1980. Kjartan var fyrst kosinn til setu í bankaráði Landsbankans 1992 af Alþingi, þegar bankinn var í eigu ríkisins. Hann var varaformaður og síðar formaður bankaráðs til 1997. Þegar bankinn varð hlutafélag í september 1997 var hann kosinn varaformaður bankaráðs og hefur verið það síðan. Hann var stjórnarformaður Líftryggingafélags Íslands 1997-2003 og Vátryggingafélags Íslands 1997-2002 og hefur setið í stjórn Heritable Bank Ltd í

London, dótturfélags Landsbankans, síðan í mars 2003. Kjartan er formaður endurskoðunarnefndar Landsbankans.

Andri Sveinsson fæddist 21. september 1971. Hann útskrifaðist sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands 1996. Hann hefur starfað við fjárfestingar og banka síðan, fyrst hjá Skandia á Íslandi og síðar hjá Búnaðarbanka Íslands hf. Andri er nú forstjóri Amber International Ltd, eignarhaldsfélags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar. Hann er stjórnarmaður í lyfjafyrirtækinu Actavis og stjórnarmaður í framkvæmdastjórn Knattspyrnufélags Reykjavíkur. Hann var fyrst kosinn í bankaráð Landsbankans 2003.

Einar Benediktsson fæddist 6. maí 1951. Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og starfaði í mörg ár sem aðstoðarforstjóri og síðar forstjóri síldarútvegsnefndar. Einar hefur einnig setið í ýmsum nefndum og ráðum á sviði sjávarútvegs og útflutnings sjávarafurða og íslensks iðnaðar. Síðan 1992 hefur hann starfað sem forstjóri Ollíuverslunar Íslands. Hann var fyrst kosinn í bankaráð Landsbankans í febrúar 2003.

Þorgeir Baldursson fæddist 25. september 1942 og útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands 1960 og stundaði síðar nám í Den Grafiske Højskole í Danmörku. Hann starfaði sem framleiðslustjóri Prentsmiðjunnar Odda frá 1965 og tók við starfi forstjóra 1982. Þorgeir hefur setið í stjórn Samtaka atvinnulífsins frá 1999 og stjórnnum allmargra íslenskra fyrirtækja. Hann hefur verið stjórnarformaður SP-Fjármögnunar frá stofnun fyrirtækisins árið 1995. Þorgeir var útnefndur ræðismaður Spánar á Íslandi árið 2000. Hann var fyrst kosinn í bankaráð Landsbankans 2003.



Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason, bankastjórar

Metár í sögu Landsbankans

Árið 2004 var einstaklega gott ár fyrir Landsbankann. Það einkenndist af örum vexti á öllum sviðum og bankinn treysti stöðu sína sem sá umsvifamesti á íslenskum fjármálamarkaði. Heildareignir jukust um 63%. Þóknunartekjur af fjárfestingarbankastarfsemi hafa aukist verulega og hreinar rekstrartekjur án gengismunar sömuleiðis. Gæði útlánasafns bankans hafa batnað til muna eins og sjá má í þróun afskriftaframlags og vanskil hafa ekki verið minni um árabíl.

Mikil sókn var bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði, samhliða endurskipulagningu sem miðaði að því að efla sölu og þjónustu. Höfuðstöðvar bankans hafa verið sameinaðar í miðbæ Reykjavíkur, útibú voru sameinuð og áhersla lögð á ráðningar sérhæfðs starfsfólks. Þróun upplýsingatækni var í fyrirrúmi, þar á meðal nýjungar í Fyrirtækja- og Einkabanka og uppþærsla tæknibúnaðar vegna aukinnar þjónustu og sjálfvirkni. Með útgáfu nýs hlutafjár og vikjandi umbreytanlegra skuldabréfa hefur Landsbankinn styrkt eiginfjárstöðu sína og rennt styrkari stöðum undir rekstrargrundvöll sinn. Bankinn er nú betur í stakk búinn til að takast á við aukna innlenda samkeppni og auka umsvif sín á erlendum fjármálamörkuðum.

Rekstur

Hagnaður Landsbankans á árinu 2004 nam 12,7 milljörðum eftir skatta samanborið við 3,0 milljarða árið 2003. Þetta samsvarar


50% arðsemi eigin fjár eftir skatta. Viðunandi hagnaður var af öllum tekjusviðum bankans sem og hjá dótturfélögum.

Heildareignir bankans jukust um 63% á árinu. Eigið fé í árslok nam 38 milljörðum og jókst um 15,6 milljarða. Útlán námu 550 milljörðum og jukust um 68% á árinu. Innlán voru samtals 218 milljarðar og jukust um 43%.

Áframhaldandi vöxtur

Verulegan hluta útlánavaxtar má rekja til fjármögnunar fyrirtækja og tengdrar þjónustu. Bankinn hafði yfirumsjón með mörgum stórum innlendum og erlendum fjármögnunarverkefnum þar sem hann veitti lán og ráðgjöf. Mestur vöxtur hefur orðið í lánum til erlendra aðila fyrir milligöngu sambankalánateymis í London. Fyrir vikið hefur lánasafn bankans orðið fjölbreyttara, með tilliti til atvinnugreina, gjaldmiðla og landsvæða.

Árið 2004 var enn fremur það ábatasamasta í fjárfestingarbankastarfsemi til þessa. Þóknunir hafa tvöfaldast síðustu tvö ár og sömuleiðis hefur gengishagnaður verðbréfa aukist verulega. Verðbréfamíðlun óx talsvert og innlendir markaður einkenndist af hækkunum á gengi hlutabréfa og verulegri veltuaukningu. Hluttur Landsbankans í viðskiptum með hlutabréf í Kauphöllinni jókst úr 25% í 34%, og er bankinn nú stærstur á innlendum hlutabréfamarkaði. Bankinn hafði umsjón með 14 skuldabréfaútgáfum sem námu um 50% af öllum frumútgáfum skuldabréfa í Kauphöllinni 2004.



Landsbankinn átti mikinn þátt í metvexti fjárfestingar- og verðbréfasjóða. Innlendir sjóðir jukust um 50% og náði bankinn forystu með 34% markaðshlutdeild.

Umbreyting varð á fasteignalánamarkaði þegar bankar og sparisjóðir hófu að veita lán með lægri vöxtum en áður hafa þekkt og allt að 100% veðsetningarlutfalli í samkeppni við íbúðalánasjóð. Í lok árs ákvað Landsbankinn, einn viðskiptabanka, að lækka veðsetningarlutfallið niður í 90% og lagði þannig áherslu á trausta og ábyrga fjármálaþjónustu.

Þetta var einnig metár hjá dótturfélögum bankans í London og Lúxemborg, bæði hvað varðar vöxt heildareigna og arðsemi. Vægi erlendar starfsemi í heildarútlánum hefur verið ört vaxandi, bæði í gegnum móðurfélagið sem og erlend dótturfélög bankans í London og Lúxemborg. Vöxtur erlendra útlána sem hlutfall af heildarútlánum hefur farið úr um 10% í um 27% á tæplega tveimur árum, en vaxtamunur af erlendra starfsemi bankans er hærri en innanlands.

Stefna og markmið

Markmið Landsbankans er að veita einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum trausta, alhliða fjármálaþjónustu, byggða á langtíma viðskiptasamböndum. Viðskiptabankþjónusta verður áfram meginþáttur í starfsemi bankans. Með því að nýta viðtækt útibúanet og leiðandi stöðu á innanlandsmarkaði stefnir bankinn að því að auka markaðshlutdeild sína í hvers konar fjármálaviðskiptum.

Raunhæfir kostir samvinnu og samþættingar á innanlandsmarkaði verða kannaðir. Landsbankinn hefur lýst þeim vilja sínum að hafa frumkvæði að því að greiða fyrir frekari sameiningu í bankakerfinu og auka þannig hagræðingu fjármálamarkaðar á Íslandi. Auk þess leggur bankinn megináherslu á frekari markaðsvæðingu fasteignalána á Íslandi.


Vaxtarmöguleikar Landsbankans eru einkum á sviði aukinnar erlendar starfsemi. Þótt vaxtarmöguleikar bankans séu takmarkaðir á Íslandi sökum smæðar markaðarins mun hann áfram kanna möguleika á fjárfestingum innanlands. Fjárfestingarverkefni íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum hafa verið fleiri en nokkru sinni fyrr undanfarin tvö ár. Landsbankinn mun halda áfram að styðja slík fyrirtæki í viðleitni þeirra og í undirbúningi eru ný verkefni á fyrirtækjasviði og í fyrirtækjaráðgjöf.

Haldið verður áfram að kanna fjárfestingar í erlendum fjármála-fyrirtækjum í því skyni að auka dreifingu áhættu og ná frekari stærðarhagkvæmni. Landsbankinn mun nota sterka stöðu á heimamarkaði sem grunn að öflugum norður-evrópskum banka með áherslu á fyrirtækjaþjónustu- og fjárfestingarbankastarfsemi. Landsbankinn hefur í hyggju að nýta sterkar rætur sínar á Íslandi til frekari sóknar erlendis.


Bankastjórar Landsbanka Íslands hf.

Halldór J. Kristjánsson *Sigurjón Þ. Arnason*
Halldór J. Kristjánsson Sigurjón Þ. Arnason


Heildareignir




Hagnaður eftir skatta



Kostnaðarlutfall



Gengi hlutabréfa í Landsbankanum og þróun Úrvalsvisitölnunnar 2000 - 2004



Efnahagsumhverfi

Efnahagsaðstæður voru hagstæðar á árinu 2004. Innlend eftirspurn hefur aukist mikið og má reikna með að hagvöxtur hafi numið 5,4% fyrir árið í heild. Hratt vaxandi fjárfesting í stóriðju sem og í öðrum greinum, ásamt vaxandi fjárfestingum í fasteignum, hefur komið hjólum efnahagslífsins til að snúast af fullum krafti á nýjan leik. Vöxtur einkaneyslu nam 7% og hefur nú aukist um 13,6% á síðustu tveimur árum. Vaxandi útgjöld heimilanna skýrast að hluta af auknu framboði lánsfjár og lækkandi vöxtum. Þessu til viðbótar koma áhrif lækkandi skatta og hækkandi húsnæðisverðs sem auka væntingar almennings um áframhaldandi kaupmáttaraukningu á næstu árum. Hægur vöxtur samneyslunnar varð þó til þess að heildareftirspurn í hagkerfinu jókst minna en ella.

Útflutningsframleiðsla óx töluvert á árinu þrátt fyrir hækkandi gengi krónunnar. Aukningin varð bæði á sviði hefðbundinnar starfsemi í sjávarútvegi, sem og í iðnaði, eða á bilinu 5-10% að raungildi eftir atvinnugreinum. Vöxtur innflutnings varð enn meiri og hafði í för með sér aukinn halla á utanríkisviðskiptum. Útlit er fyrir að viðskiptahallinn í heild hafi verið um 6,5% af landsframleiðslu.

Þróun viðskiptakjara var heldur neikvæð þrátt fyrir hækkandi verð sjávarafurða og veikingu Bandaríkjadals. Óhagstæð þróun innflutningsverðs skýrist fyrst og fremst af hækkandi olíuverði sem vegur þungt í innflutningi.

Á vinnumarkaði voru skýr batamerki og atvinnuleysi lækkaði úr 3,7% í janúar í um 2,5% í lok árs. Vaxandi hlutdeild erlends vinnuafis, sérstaklega í tengslum við stóriðjuframkvæmdir, hefur þó dregið nokkuð úr áhrifum efnahagsuppsveiflunnar á vinnumarkað og þar með dregið úr launaskriði.

Hækkandi húsnæðisverð kynti undir verðbólgu sem var 3,9% í árslok, rétt undir efri mörkum verðbólguþröngmiðs Seðlabankans. Gengi krónunnar var nokkuð stöðugt framan af ári en styrktist hratt undir lok árs. Í heild styrktist krónan um 8,5% frá upphafi árs til ársloka.


Fjármál ríkisins einkenndust af vaxandi tekjum í takt við aukinn hagvöxt. Þrátt fyrir umtalsverða útgjaldaaukningu batnaði afkoman töluvert og er útlit fyrir að afgangur verði á bilinu 0-1% af landsframleiðslu. Útkoman sýnir þó glögglega að aðhald ríkisins nú er töluvert minna en á svipuðum tíma í síðustu uppsveiflu þegar afkoman var jákvæð um 2-3% af landsframleiðslu.

Seðlabanki Íslands tók fyrstu skrefin í átt að peningalegu aðhaldi í maí, þegar stýrivextir voru hækkaðir um 0,2%, í 5,5%. Stýrivextir voru hækkaðir sex sinnum á árinu, síðast um 1% í byrjun desember og stóðu í 8,25% í árslok. Regluleg gjaldeyriskaup Seðlabankans drógu nokkuð úr áhrifamætti hækkandi stýrivaxta vegna áhrifa þeirra á peningamagn. Í heild jók Seðlabankinn gjaldeyrisforðann um 27 milljarða króna á árinu og stóð hann í 66 milljörðum í árslok. Reglulegum gjaldeyriskaupum til styrkingar gjaldeyrisforðans lauk um áramót, en í tilkynningu frá Seðlabankanum í desember kom fram, að gjaldeyriskaup bankans í framtíðinni yrðu einungis í tengslum við afborganir af erlendum lánunum ríkissjóðs.

Vaxandi framleiðni og bætt afkoma atvinnulífsins, ekki síst í kjölfar einkavæðingar bankakerfisins, hefur aukið styrk íslensks efnahagslífs. Þetta má lesa úr jákvæðum umsögnum erlendra matsfyrirtækja. Bæði Fitch og Moody's staðfestu á árinu lánshæfiseinkunnir sínar fyrir Ísland. Fitch staðfesti einkunnina AA- fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt og AAA fyrir langtímaskuldbindingar í íslenskum krónum. Loks staðfesti Moody's lánshæfiseinkunnina Aaa/P-1 fyrir Ísland.

Fjármálamarkaðir

Gengi krónunnar fór lækkandi frá ársbyrjun fram í maí, þegar áhrifa hækkandi stýrivaxta og mikils innstreymis gjaldeyris tók að gæta. Gengisþróunin snerist þá við og krónan styrktist með afgerandi hætti á seinni hluta ársins. Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam alls 950 milljörðum og lækkaði um 20% frá fyrra ári. Minnkandi velta skýrist einkum af auknum styrk viðskiptabankanna sem afgreiða sífellt hærri fjárhæðir án milligöngu millibankamarkaðarins. Gengi krónunnar styrktist



övenjumikið í kjölfar stýrivaxtahækkunar Seðlabankans í byrjun desember. Gengisvísitalan hafði sveiflast á bilinu 120-125 stig framan af ári en fór lægst í 112,78 stig í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabankans.

Þróun á millibankamarkaði með krónur stjórnaðist að mestu af stýrivöxtum samfara aukinni veltu. Í upphafi árs stóðu sex mánaða millibankavextir (REIBOR) í 5,13% en þeir voru 8,55% í árslok. Skammtímavaxtamunur gagnvart útlöndum jókst að sama skapi á þennan mælikvarða, eða úr 3,02% í 6,19% frá upphafi til ársloka.


Í árslok náði ávöxtunarkrafa langtímaskuldabréfa lágmarki eftir samfellda lækkun frá því snemma árs 2002. Umfangsmiklar kerfis- og skipulagsbreytingar á íslenskum skuldabréfamarkaði hafa aukið áhuga erlendra fjárfesta og skapað skilyrði fyrir lækkun ávöxtunarkröfu. Aðkoma erlendra fjárfesta er að hluta vegna aukins þroska íslenska markaðarins en er einnig afleiðing vaxandi alþjóðlegrar samkeppni þar sem leitinn að ávöxtun ræður för fjárfesta. Íslenski markaðurinn býður upp á skuldabréf með háum vöxtum og góðu lánshæfismati. Þar að auki hefur áhugi á verðtrygðum skuldabréfum aukist almennt erlendis og eykur það enn aðráttarafl íslenska markaðarins.

Segja má að bylting hafi orðið í fjármögnun fasteignakaupa á árinu 2004. Íbúðalánasjóður breytti skuldabréfaútgáfu sinni og hóf útgáfu íbúðabréfa. Lánareglum sjóðsins um hámarkslán var einnig breytt. Bankarnir svöruðu þessum breytingum í ágúst með því að bjóða í fyrsta skipti lán til fasteignakaupa á betri kjörum en áður hafa þekkt hér á landi.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa lækkaði að meðaltali um 0,8% á árinu, í 3,5-3,6%. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa ýmist hækkaði eða lækkaði eftir líftíma bréfanna. Þannig hækkaði krafa ríkisbréfa með styttri líftíma (RIKB 07 og RIKB 10) í takt við hækkun stýrivaxta en krafa lengstu bréfanna (RIKB 13) lækkaði um 0,5%.

Viðskipti í Kauphöll Íslands námu alls 2.218 milljörðum króna og hafa aldrei verið meiri. Veltuaukningin nam 41% frá fyrra ári, þar af 46% með skuldabréf og vixla og 30% með hlutabréf. Útgáfa skuldabréfa fyrirtækja og sveitarfélaga nam ríflega 60 milljörðum króna, sem einnig er met. Ekkert nýtt hlutafélag var skráð í Kauphöllinni á árinu en mikið var um hlutafjárukingar hjá skráðum félögum. Hlutabréf fjórtán félaga voru afskráð úr Kauphöllinni. Úrvalsvísitalan (ICEX-15) hækkaði um tæplega 60% á árinu samanborið við 7,5% hækkun FTSE vísitölunnar í London og 9% hækkun S&P500 vísitölunnar í Bandaríkjunum. Mikið var um beinar fjárfestingar erlendis hjá skráðum félögum og hækkuðu bréf þeirra mest. Velta fyrirtækjanna og væntur hagnaður hefur sömuleiðis hækkað og hafa verðmatskennitölur því hækkað mun minna en hækkun hlutabréfaverðs gefur til kynna. Vænt V/H gildi ICEX-15 var þannig 16,9 í lok ársins en 14,9 í upphafi árs.


Þróun hlutabréfavisitalna




Samsetning íslensku myntkölfunnar

Evrur	42%
Bandaríkjadalur	22%
Bresk pund	12%
Danskar krónur	8%
Norskar krónur	6%
Sænskar krónur	4%
Japönsk yen	3%
Svissneskir frankar	1%
Kanadadalur	1%

Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa



Ávöxtunarkrafa 40 ára húsnæðisbréfa og íbúðabréfa





Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs

Landsbankinn

Fyrirtækjasvið

Meginhlutverk Fyrirtækjasviðs felst í þjónustu við stærstu viðskiptamenn bankans og stuðningi við fyrirtækjapjónustu útibúa. Innan sviðsins hefur verið lögð áhersla á vörubrúun og samræmingu markaðsaðgerða gagnvart fyrirtækjum, í samvinnu við útibú og önnur svið bankans. Til að styðja enn betur við þetta markmið sviðsins var starfsemi þess eflað verulega á árinu, starfsmönnum fjölgað og sérfræðihópar um einstakar atvinnugreinar voru myndaðir.

Útlán jukust mikið, sem skýrist að mestu af útlánum til fyrirtækja og tengdri þjónustu, innanlands og utan. Umsvif fyrirtækja í ýmsum greinum kölluðu á aukið fjármagn og þannig kom bankinn

að stórum lánveitingum vegna fjárfestinga í fiskiskipum, flugvélum og atvinnuhúsnæði. Sérþekking bankans á sjávarútvegi var jafnframt nýtt til lánveitinga til erlendra sjávarútvegsfyrirtækja, en vaxandi hluti útlána til sjávarútvegs er veittur fyrirtækjum utan Íslands. Flest bendir til þess að sá þáttur fari vaxandi á næstu árum. Bankinn tók þátt í nokkrum stórum fjármögnunarverkefnum með lánveitingum, ráðgjöf og útvegum fjármagns með verðbréfaútgáfu.

Mörg félög, bæði gamalgróin og nýstofnuð, bættust í viðskiptavinahóp bankans. Sjö af hverjum tíu skráðum félögum í Kauphöllinni eru nú í verulegum viðskiptum við Landsbankann og meginþorri 50 stærstu fyrirtækja landsins eru í viðskiptum við hann, annað hvort sem aðalviðskiptabanka sinn eða annan af tveimur viðskiptabönkum. Samkvæmt könnun Gallup frá því í desember 2004 hefur Landsbankinn mestu markaðshlutdeild í fyrirtækjaviðskiptum og 32% fyrirtækja skipta við bankann en hlutdeild annarra banka er á bilinu 19-26%.

Áhersla hefur verið lögð á sérhæfingu og uppbyggingu þekkingar í öllum helstu atvinnugreinum og sviðum útlánastarfsemi. Sjálfstæði útibúa hefur verið aukið en Fyrirtækjasvið er eftir sem áður bakhjarl þeirra í viðskiptum við fyrirtæki. Sérhver viðskiptavinur hefur viðskiptastjóra sem fylgir málum eftir innan bankans. Viðskiptastjórar hafa mikla starfsreynslu og sérhæfa sig eftir atvinnugreinum, þekkja fyrirtækin vel og sníða fjármálalausnir að þörfum þeirra. Sérhæfing þeirra er meðal annars á sviði sjávarútvegs, verslunar og þjónustu, verktakastarfsemi, stóriðju, sveitarstjórnarmála og þjónustu við fagfjárfesta.



Á árinu var stofnuð deild innan Fyrirtækjasviðs sem sérhæfir sig í þjónustu við sjávarútvegsfyrirtæki utan Íslands. Deildin hefur skipað sér sess á markaðnum og komið á viðskiptasamböndum við nokkur af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum heims. Í fyrstu verður lögð megináhersla á þjónustu við fyrirtæki í Evrópu og Norður-Ameríku.

Umsvif bankans í útlánum til erlendra aðila hafa aukist mikið og vöxtur bankans hefur verið hvað mestur á þessu sviði. Á árinu námu útlán á erlendum vettvangi 76.973 milljónum króna.

Starfsemi Fyrirtækjasviðs í London

Starfsmannateymi Fyrirtækjasviðs í London leiðir þátttöku Landsbankans í alþjóðlegum sambankalánum. Góður árangur hefur náðst í að mynda viðskiptasambönd, þar á meðal við Deutsche Bank AG London, Credit Suisse First Boston, Royal Bank of Scotland, Halifax Bank of Scotland og Barclays Capital, sem eru allir leiðandi aðilar á evrópskum lánamarkaði.

Lánasafnið óx verulega, sérstaklega á seinni hluta ársins, og er nú komið yfir jafngildi 20 milljarða íslenskra króna. Lánin skiptast á milli 25 aðila, sem starfa á sviði smásölu, framleiðslu, þjónustu og efnaiðnaðar, meðal annars í Bretlandi, Þýskalandi, Hollandi og Frakklandi. Lánasafnið hefur verið byggt upp með tilliti til þess að millilagslán myndi um 30% af safninu.


Annað meginstarfsvið teymisins er skipulagning og sölutrygging á lánsfjármögnun vegna skuldsettra kaupa, gjarnan í samstarfi við Fyrirtækjaráðgjöf og Eigin fjárfestingar bankans. Í þessum verk-efnum leiðir Landsbankinn millilags- og/eða senior-lán vegna yfirtöku eða afskráninga á fyrirtækjum. Dæmi um þetta er sölutrygging bankans á millilagsfjármögnun vegna kaupa Baugs




Group á Goldsmiths og sölutrygging á millilagsláni og sameiginleg sölutrygging ásamt Barclays Bank á senior-láni vegna kaupa Baugs Group og Landsbankans á MK One. Landsbankinn gegndi einnig lykilhlutverki í fjármögnun á nýlegu tilboði Baugs Group í Big Food Group.

Bankinn hyggst halda áfram uppbyggingu á lánasafninu og annarri starfsemi í London til að styrkja stöðu sína og auka tekjur af erlendri starfsemi. Næstu skref í áframhaldandi uppbyggingu er frekari vöxtur Fyrirtækjaráðgjafar bankans og stofnun útibús í London.


Hlutfall erlendra aðila í útlánnum



Vaxtamunur af heildarfjármagni



Skipting þóknunartekna





Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs

Verðbréfasvið

Verðbréfasvið er fjárfestingarbankahluti Landsbankans og annast verðbréfa-, gjaldeyris- og afleiðuviðskipti fyrir viðskiptavinum og bankann sjálfan. Fyrirtækjaráðgjöf innanlands og erlendis er vaxandi þáttur í starfsemi sviðsins. Greiningardeild fylgdist með þróun efnahagsmála og fjármálamarkaða til upplýsingar fyrir bankann og viðskiptamenn. Viðskiptavinir sviðsins eru fyrirtæki, stofnanir og fagfjárfestar.

Árið 2004 var árangursríkasta starfsár Landsbankans í fjárfestingarbankastarfsemi frá upphafi. Þóknunartekjur af verðbréfa- og gjaldeyrisviðskiptum jukust gríðarlega, auk þess sem gengishagnaður af verðbréfaeign bankans varð meiri en nokkru sinni fyrr.

Landsbankinn naut hagstæðra skilyrða á verðbréfa- og gjaldeyris-mörkuðum hér á landi, en ekki síður skipulagsbreytinga sem gerðar voru á fjárfestingarbankastarfseminni á árinu 2003. Þetta endurspeglast í aukinni markaðshlutdeild bankans í allri fjárfestingarbankastarfsemi hér á landi, en hann annaðist einnig verkefni á sviði fyrirtækjaráðgjafar erlendis.

Á árinu 2003 jók Landsbankinn verðbréfaeign sína verulega, bæði í markaðsskuldabréfum og innlendum skráðum hlutabréfum. Aukin skuldabréfaeign skýrðist að hluta af góðri lausafjárstöðu bankans en einnig þeirri sannfæringu að ávöxtun verðtryggðra skuldbindinga færi lækkanði á árinu 2004. Þetta gekk eftir og seldi bankinn skuldabréf sín þegar leið á árið 2004 með góðum hagnaði. Undir lok ársins jók bankinn á ný eign sína í markaðsskuldabréfum og nam hún alls 17 milljörðum króna í árslok samanborið við 23 milljarða í upphafi árs.

Fyrirtækjaráðgjöf

Mikill vöxtur var í starfsemi Fyrirtækjaráðgjafar og ber þar hæst fjölgun erlendra verkefna. Stærstu erlendu verkefnum voru ráðgjöf vegna yfirtöku á breska flugfélaginu Excel Airways og afskráning þess úr bresku kauphöllinni, ráðgjöf vegna kaupa á bresku matvælaframleiðendum Seachill og Cavaghan & Gray sem og tískuverslanakeðjunni MK One. Fyrirtækjaráðgjöf átti einnig stóran hlut í þeim umbreytingarverkefnum sem áttu sér stað innanlands á árinu og má þar nefna ráðgjöf vegna sölu á ÚA, Skagstrendingi, HB og Boyd Line, félögum sem mynduðu Brimsamstæðuna, ráðgjöf vegna sölu á Skifunni, Íslenska útvarpsfélaginu, Frétt og verslunarsviði Tæknivals, ráðgjöf vegna samruna Kaldbaks og Burðaráss og loks ráðgjöf vegna yfirtöku á



Afli fjárfestingarfélagi og Sæplasti. Góður árangur Fyrirtækja-ráðgjafar var staðfestur í samantekt Bloomberg á sameiningum og yfirtökum ársins 2004. Þar er Landsbankinn á lista 20 fyrirtækja sem höfðu mestu markaðshlutdeild á Norðurlöndum.

Eigin fjárfestingar

Meginhluta hlutabréfaeignar Landsbankans má rekja til umbreytingarverkefna sem bankinn tók þátt í árið 2003, auk þátttöku hans í nokkrum nýjum umbreytingarverkefnum erlendis árið 2004. Hrein veltubókareign í hlutabréfum hefur því verið minnihluti heildareigna bankans. Stærsta umbreytingarverkefnið var þátttaka í umbreytingu Hf. Eimskipafélags Íslands í Burðarás hf. Þá tók Landsbankinn til dæmis þátt í útrás Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og uppbyggingu Og Vodafone hf. sem hluthafi og ráðgjafi. Þessi verkefni skiluðu bankanum verulegum gengishagnaði. Í lok ársins nam eign bankans í hlutabréfum alls um 29,4 milljörðum króna eða sem nemur 4,3% af afnag bankans samanborið við 4,1% í upphafi árs. Langstærsti hluti aukningarinnar er gengishagnaður.


Verðbréfamiðlun

Verðbréfamiðlun jókst mikið en hækkandi verð og mikil veltuaukning einkenndi innlenda verðbréfamarkað. Velta með hlutabréf í Kauphöll Íslands jókst um rúm 30% á milli ára og var sú mesta frá upphafi. Hlutdeild Landsbankans jókst um liðlega 80%, úr 140 í 245 milljarða króna eða úr 25% í 34% og varð bankinn þar með umsvífamestur allra markaðsaðila í viðskiptum með hlutabréf í Kauphöllinni. Skuldabréfamarkaður var einnig liflegur og jókst velta með skuldabréf og víxla um 46% á milli ára. Hlutdeild Landsbankans fór úr 19% í 23%. Áfram var unnið markvisst að skuldabréfaútgáfu fyrirtækja og sveitarfélaga, en bankinn hafði umsjón með 14 skuldabréfaútgáfum fyrir 33 milljarða á árinu. Hlutdeildin nam ríflega 50% af skráðum skuldabréfum fyrirtækja og sveitarfélaga í Kauphöllinni.


Mikil aukning varð í miðlun erlendra hlutabréfa á árinu og nam tekjuaukningin rúmum 200%. Frá árinu 1999 hefur Landsbankinn, einn banka á Íslandi, boðið upp á milliliðalaus erlend verðbréfa-viðskipti á netinu. Frá þeim tíma hafa viðskiptavinir Landsbankans haft aðgang að stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street. Landsbankinn gerði á árinu samstarfssamning við E*TRADE Bank Danmark og opnaði nýjan verðbréfavef undir nafninu E*TRADE. Viðskiptavinir geta nú átt milliliðalaus viðskipti á netinu á verðbréfamörkuðum í Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð.

Gjaldeyris- og afleiðumiðlun


Gjaldeyrisvelta jókst verulega milli ára og hélt Landsbankinn sterki stöðu á gjaldeyrismarkaði. Mikil vörubróun hefur átt sér stað hjá bankanum, sem skýrir meðal annars aukin umsvif hans á innlendum gjaldeyrismarkaði og afleiðuviðskiptum almennt. Notkun afleiðusamninga hefur stóruð hjá þátttakendum á íslenskum fjármálamarkaði, með aukinni þekkingu innan fyrirtækjanna. Einnig hafa umsvif erlendra fjárfesta aukist með fjárfestingum í skuldabréfum og stöðutöku með krónunni, með gerð framvirkra samninga. Á árinu 2004 var bankinn með 75 milljarða í skuldastýringu, sem er veruleg aukning frá fyrra ári. Landsbankinn hefur á að skipa fjölmennasta gjaldeyris- og afleiðuteymi landsins.



Hlutfall hlutabréfa af heildareignum



Markaðshlutdeild í viðskiptum í Kauphöll Íslands



Gengisvísitala krónunnar





Stefán H. Stefánsson, framkvæmdastjóri Eignastýringasviðs

Eignastýring

Eignastýringarsvið ber ábyrgð á eignastýringu, fjárfestingum og stýringu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Landsvaka, dótturfélags Landsbankans. Sviðið stýrir einnig fjárfestingum lífeyrissjóða og öðrum söfnum, svo sem fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og efnameiri einstaklinga. Ennfremur hefur sviðið yfirumsjón með sölu inn- og erlendra verðbréfasjóða til fyrirtækja og fagfjárfesta.


Landsbankinn átti stóran þátt í metvexti verðbréfa- og fjárfestingarsjóða árið 2004. Innlendir sjóðir Landsvaka jukust um 50% og var markaðsvirði þeirra í árslok um 89 milljarðar króna. Heildarmarkaðsvirði verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Landsvaka var um 93 milljarðar króna. Landsbankinn er því leiðandi á innlendum verðbréfa- og fjárfestingarsjóðamarkaði með 34% markaðshlutdeild.

Mesti vöxtur meðal sjóða bankans var í Fyrirtækjabréfum, sem fjárfestir í skuldabréfum fyrirtækja, Peningabréfum, sem er peningamarkaðssjóður, og Sparibréfum, áskriftarsjóði fyrir einstaklinga. Tveir nýir sjóðir voru stofnaðir: Vísitölubréf, verðbréfasjóður sem á að endurspegla gengisþróun Úrvalsvísitölunnar, og Millilagsfjárfestingarsjóður Landsbankans, sem er alþjóðlegur sjóður fyrir fagfjárfesta sem kjósa fjárfestingar í millilagsfjármögnun fyrirtækja á alþjóðlegum markaði.

Ávöxtun innlendra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða hefur verið framúrskarandi, og aðstæður á innlendum fjármálamarkaði almennt hagstæðar. Afkoma sjóða í stýringu hjá bankanum hefur verið mjög góð. Arðsemi niu af ellefu verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum bankans hefur farið fram úr viðmiðum viðkomandi sjóða. Skýr fjárfestingarstefna, vönduð greiningarvinna og árangursríkar aðgerðir hafa því skilað verulegum verðmætum til fjárfesta.

Í árslok 2004 voru heildareignir í virkri eignastýringu yfir 190 milljarðar króna, sem er aukning um 47% á árinu. Þetta endurspeglast einnig í vexti verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, auknum umsvifum í rekstri og stýringu lífeyrissjóða, og verulegri aukningu á eignastýringu innan Sérbankþjónustu, svo nokkuð sé nefnt. Landsbankinn hefur aukið áherslu á eignastýringu verðbréfasafna og öflug deild hefur verið sett á laggirnar til að sinna því hlutverki. Þjónusta við lífeyrissjóði var eflað og alls eru tólf lífeyrissjóðir í fullum rekstri eða stýringu bankans. Á síðustu árum hefur lífeyrissjóðastarfsemi bankans notið mikillar velgengni og hefur ávöxtun lífeyrissjóða og annarra safna verið mjög góð. Landsbankinn stýrir fimm af þeim tólf íslensku lífeyrissjóðum sem hafa hæstu fimm ára meðalávöxtun.

Bankinn mun halda áfram að leggja ríka áherslu á vöxt í eignastýringu og fjárfestingarþjónustu fyrir fyrirtæki og fagfjárfesta. Markmið bankans er að vera áfram leiðandi í eignastýringu á íslenskum markaði.





Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sérbankþjónustu

Sérbankþjónusta

Sérbankþjónusta veitir viðskiptavinum viðtæka alþjóðlega fjármálaþjónustu, þar á meðal varðandi ýmsar fjárfestingarleiðir, auk skattaráðgjafa og eignastýringar. Tilgangur þjónustunnar er að uppfylla þarfir efnameiri einstaklinga og gera þeim kleift að nýta krafta sína annars staðar á meðan sérfræðingar bankans hafa umsjón með eignum þeirra.

Sérhver viðskiptavinur hefur eigin fjármálaráðgjafa sem sér um viðskipti hans við bankann, hvort sem um er að ræða almenna bankþjónustu, svo sem aðgang að lánsfé, greiðslu reikninga, útgáfu greiðslukorta eða aðra þjónustu. Fjármálaráðgjafinn annast samskipti við sjóðsstjóra, afleiðusérfræðinga vegna afleiðuviðskipta, lánasérfræðinga vegna útlána og verðbréfamiðlara vegna verðbréfaviðskipta. Sérbankþjónusta býður ennfremur upp á ráðgjöf vegna sölu fyrirtækja, endurskipulagningar eða frekari uppbyggingar.

Sérbankþjónusta hefur milligöngu um fasteignalán á vegum Heritable Bank í Bretlandi og veitir almenna ráðgjöf og aðstoð við kaup á fasteignum á Spáni og Flórída.

Samningum í eignastýringu fjölgaði verulega á árinu en heildaraukning eigna í virkri stýringu nam um 50%.





Brynjólfur Helgason, framkvæmdastjóri Alþjóðasviðs

Alþjóðasvið

Fjármögnun og lánsþæfismat Landsbankans

Fjármögnun Landsbankans samanstendur af innlánnum, bæði á Íslandi og í Bretlandi, EMTN og ECP fjármögnunarrömmum á alþjóðamörkuðum, lánalánnum, sambankalánnum og öðrum lántökum. Heildarlántökur á árinu námu rúmum EUR 3 milljörðum í 56 skuldabréfaútgáfum í samstarfi við 26 banka. Til samanburðar voru gerðar 23 útgáfur með 13 bönkum, að fjárhæð EUR 1,3 milljarðar árið 2003. Fjármögnun bankans einkenndist af því að endurgreiðsluferill lána var lengdur, núverandi markflokkar voru stækkaðir og aukinnar fjölbreytni gætti. Þrjár af fjórum stærstu skuldabréfaútgáfum Landsbankans voru seldar á árinu og bankinn gaf út í fyrsta sinn skuldabréf í Kanadadöllum (CAD), tékkneskum krónum (CZK) og sænskum krónum (SEK). Fjárfestakynningar í London, París, Stokkhólmi og Genf lögðu grunn að farsælli fjármögnun bankans.

Á árinu var EMTN fjármögnunarramminn stækkaður í tvígang, úr USD 1,5 milljörðum í alls EUR 3,5 milljarða. Í árslok voru útistandandi skuldabréf innan rammans yfir EUR 3 milljarðar. Endurfjármögnun EMTN skuldabréfa nam EUR 775 milljónum, en heildarútgáfa innan rammans nam EUR 2,2 milljörðum. Lokuð útboð námu alls EUR 1,6 milljörðum.

Í lok febrúar gaf bankinn út EMTN skuldabréf til fimm ára að fjárhæð EUR 400 milljónir. Umsjón með þessari útgáfu höfðu Banc of America Securities Limited, Credit Suisse First Boston Limited og Deutsche Bank AG. Lánið var til lengri tíma en íslenskir bandar höfðu áður tekið í skráðum erlendum skuldabréfum af þessari stærð. Skuldabréfaútgáfan var skömmu síðar stækkuð í

EUR 500 milljónir. Í apríl tók bankinn þriggja ára sambankalán að fjárhæð EUR 160 milljónir sem var í umsjón DZ BANK AG, KBC Bank NV og Lloyds TSB Bank plc.

Í september varð Landsbankinn fyrstur íslenskra banka til að gefa út víkjandi skuldabréf undir eiginfjárfætti A, að fjárhæð EUR 100 milljónir, sem voru seld til fjársterkra einstaklinga í Evrópu. Bréfin eru að fullu umbreytanleg til skilyrts eigin fjár og telst andvirði þeirra til eiginfjárfættar A samkvæmt nýjum reglum um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármála fyrirtæki. Markmið þessarar útgáfu var að styrkja eiginfjárstöðu Landsbankans og búa í haginn fyrir erlendar fjárfestingar. Í desember tók bankinn stærsta lán í sögu hans. Lánið var til fimm ára og að fjárhæð EUR 500 milljónir. Fjárfestingarbankasvið HSBC hafði umsjón með báðum útgáfum.

Lánsþæfismat bankans hjá Moody's var óbreytt á árinu, A3/P-1/C, með jákvæðum horfum. Í nóvember staðfesti lánsþæfismatsfyrirtækið Fitch einkunnirnar A/F1/C með stöðugum horfum. Jafnframt fékk Heritable Bank í fyrsta sinn lánsþæfismatseinkunnirnar A/F1 frá Fitch með stöðugum horfum. Lánsþæfismat Heritable Bank gerir honum kleift að taka við innlánnum í Bretlandi.

Erlendar fjárfestingar

Stefna Landsbankans er að fjárfesta í erlendum fjármála fyrirtækjum og á árinu voru mörg slík tækifæri skoðuð. Alþjóðaverkefni bankans byggja bæði á innri vexti erlendis og erlendum fjárfestingum. Megináhersla er lögð á fjárfestingar í Bretlandi en einnig á öðrum landssvæðum í Vestur-Evrópu og í helstu fjár-

málamiðstöðvum heims. Markmið bankans er að bæta áhættu-dreifingu og auka vægi erlendra tekna.


Mikil vinna hefur farið í nánari útfærslu alþjóðlegrar stefnu-mótunar, og helstu markmið skilgreind og tækifæri á einstökum mörkuðum verið kortlögð. Þessi vinna hefur meðal annars verið unnin með aðkomu leiðandi alþjóðlegra fjárfestingarbanka. Landsbankinn er vel undir það búinn að stiga næstu skref í erlendri útrás og mun halda áfram að leita fjárfestingartækifæra með áherslu á arðbæran vöxt og frekari áhættudreifingu.

Aukin erlend starfsemi mun einkum verða á þremur megin sviðum. Í fyrsta lagi verður unnið að því að auka fyrirtækjaviðskipti og efla fjárfestingarbankastarfsemi Landsbankans með því að kaupa sérhæfða fjárfestingarbanka eða verðbréfafyrirtæki.

Í öðru lagi að auka fjölbreytni og tryggja áhættudreifingu í starfsemi bankans með því að kaupa banka með umtalsverðan efnahagsreikning og stöðuga tekjumyndun. Við slík kaup verður lögð áhersla á tiltölulega stóran banka með áherslu á fyrirtækjaútlán og gott tekjuflæði, sem skapar tækifæri til aukinnar fjárfestingarbankastarfsemi.

Í þriðja lagi verður lögð áhersla á vöxt á erlendum starfsstöðvum og öðrum stærri fjármálamörkuðum sem styðja alþjóðlegan vöxt

Eiginfjárlutfall (CAD)



bankans. Verið er að stofna útibú í London með áherslu á fyrirtækjaráðgjöf og útlánastarfsemi í formi sambankalána. Markmiðið er að Heritable Bank í London eflist með innri vexti og kaupum á sérhæfðum fjármálaþjónustufyrirtækjum. Þá er stefnt að stækkun Landsbankans Luxembourg með viðtækari sérbankaþjónustu.





Hermann Jónasson, framkvæmdastjóri Sölu- og markaðssviðs

Sölu- og markaðsmál

Sölu- og markaðssvið annast skipulag sölu- og markaðsmála, mótar þjónustustefnu og hefur umsjón með vef bankans. Útibúin eru þungamiðjan í allri sölu og þjónustu og því miðar starfsemi sviðsins að því að styrkja þau í að afla nýrra viðskipta og að veita enn betri þjónustu.

Sviðið var endurskipulagt í október í kjölfar breytinga á skipuriti bankans sem miðuðu að því að auka áherslu á sölustarfsemi og markaðs- og þjónustumál. Markaðs- og vefdeild ber ábyrgð á öllum auglýsinga- og kynningarmálum sem og frekari þróun á vefmálum. Sölu deild sér nú um sölustarfsemi allra þjónustupáttá til viðskiptavina og ný deild, Viðskiptastjórnun, ber ábyrgð á viðskiptatengslum og þjónustumálum.

Landsbankinn er aðalviðskiptabanki flestra Íslendinga og hefur verið það um árabil. Bankinn lætur gera ímyndar- og markaðs-kannanir nokkrum sinnum á ári og í desemberkönnun Gallup er markaðshlutdeild bankans 29,7%, samanborið við 24,6% hjá þeim samkeppnisaðila sem næstur er í röðinni.

Í sömu könnun kemur fram að ímynd bankans er sterk og traust á honum í hámarki. Hlutfall viðskiptavina sem töldu bankann traustan var 94,6% en það hlutfall hefur verið stöðugt síðustu misseri. Viðskiptavinum sem telja bankann framsækinn hefur fjölgað jafnt og þétt í mælingum Gallup og var hlutfallið 78,2% í desember.

Útlán, innlán og sparnaður

Mestar breytingar á útlánaframboði Landsbankans á árinu 2004 tengdust fasteignalánnum til einstaklinga. Bankinn býður nú íbúðalán með allt að 90% veðhlutfalli á töluvert lægri vöxtum en í upphafi árs. Lægstu verðtryggðu vextir sem bjóðast eru 4,15%. Þessi kjör hljóta þeir sem uppfylla kröfur bankans um reglubundin viðskipti á sviði trygginga, innlána og útlána. Viðskiptavinum býðst nú einnig að taka fasteignalán að hluta eða öllu leyti í erlendri mynt.

Með aukinni þátttöku á fasteignalánamarkaði tók bankinn þátt í harðri samkeppni við aðra banka og Íbúðalánasjóð. Í ágúst hófu bankar að bjóða fasteignalán með töluvert lægri vöxtum en Íbúðalánasjóður (4,2% í stað 5,1%) og nokkru síðar buðu allir bankar landsins lán með 100% veðhlutfalli. Í lok ársins ákvað Landsbankinn, einn viðskiptabanka, að lækka hámark veðhlutfalls niður í 90% með þeim rökum að ekki væri skynsamlegt að viðskiptavinir skuldsettu heimili sín til fulls.

Innlend útlán bankans jukust um 52% frá árslokum 2003 til ársloka 2004, sem er mesta aukning meðal banka og sparisjóða samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Hin mikla aukning gerir það að verkum að Landsbankinn hefur nú 30% markaðshlutdeild en einn samkeppnisaðili mælist með litlu lægri hlutdeild, eða 30%. Markaðshlutdeild annarra samkeppnisaðila er 28% og 12%.

Innlánaaukning Landsbankans á árinu 2004 var sú mesta meðal banka og sparisjóða. Innlán bankans jukust um 23% frá árslokum 2003 til desemberloka árið 2004 en næstmest aukning nam 20%. Landsbankinn hefur mestu markaðshlutdeild á innlánamarkaði, 31%. Hlutdeild annarra samkeppnisaðila er á bilinu 21%-25%.

Stór þáttur í velgengni í sölu verðbréfasjóða tengdist áttakinu „Eyddu í sparnað“ sem Landsbankinn hefur staðið fyrir árlega síðan bankinn tók við þjónustu við áskrifendur ríkisverðbréfa af ríkinu. Í ársbyrjun 2004 nam markaðsvirði Sparibréfa rúmlega 20 milljörðum króna og jókst um tæpa 9 milljarða á árinu. Viðskiptavinum sem spara reglulega hjá Landsbankanum, ýmist í sjóði eða á innlánsreikningum, hefur fjölgað ár frá ári og er bankinn nú með mestu markaðshlutdeild á þessu sviði.

Lífeyrissparnaður

Hátt hlutfall íslenskra launþega kaus að auka lífeyrissparnað sinn á árinu og áskrifendum að viðbótarlífeyrissparnaði fjölgaði töluvert. Samkvæmt mælingum Gallup jókst markaðshlutdeild Landsbankans í viðbótarlífeyrissparnaði úr 20,8% í nóvember

2003 í 25,1% í september 2004. Aðeins einn samkeppnisaðili er með hærri hlutdeild, eða 28%.

Landsbankinn býður fjölbreyttar leiðir í lífeyrissparnaði og margar þeirra fela ennfremur í sér alhliða tryggingarvernd. Ný þjónustuleið, Launavernd, var kynnt til sögunnar á þessum markaði á árinu en hún sameinar kosti lífeyrissparnaðar og tryggingarverndar. Helsti markhópurinn er fjölskyldufólk, en varan tryggir fjárhagslega vernd í tiltekinn tíma við veikindi eða fráfall.

Greiðslukort

Útgáfa á nýjum debetkortum á vegum bankans jókst um 9,7% á árinu. Mestur þungi var lagður í kynningu á gulldebetkorti Vörðunnar. Nýútgefnum kreditkortum hjá bankanum fjölgaði um 7,9%.

Vildarkerfi

Sértæk þjónusta við markhópa bankans var eflid til muna á árinu. Töluvert hefur fjölgað í helstu vildarkerfum: Vörðunni, sem er heildarfjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og fjölskyldur, Námunni, Sportklúbbnum og Krakkaklúbbnum. Nýjum félögum í vildarkerfum fjölgaði um 18,5% milli ára.

Landsbankinn reið á vaðið og gerði samkomulag við Lánasjóð íslenskra námsmanna um útgáfu bankaábyrgða vegna námslána. Námsmenn eiga nú kost á lánum án ábyrgðarmanna en fá þess í stað bankaábyrgð gegn þóknun.

Vefþjónusta


Nýr vefur Landsbankans var tekinn í notkun á árinu en við hönnun hans var lögð áhersla á framúrskarandi notendaviðmót, gott aðgengi og stílhreina hönnun og útlit. Vefurinn hlaut þrenn verðlaun þegar íslensku vefverðlaunin voru afhent í október. Var hann valinn besti íslenski vefurinn, besti fyrirtækjavefurinn og hlaut verðlaun fyrir bestu útlits- og viðmótshönnun.

Stórfelldar endurbætur voru gerðar á Einkabankanum. Útlit var samræmt við nýjan vef bankans og ýmsar nýjungar voru kynntar. Notendum Einkabankans fjölgaði töluvert, eða um 21,3% milli ára.




Fyrirtækjabanke Landsbankans var endurbættur og þjónustubáttum fjölgað. Nýtt innheimtukerfi og sjóðspottur voru tekin í notkun og rafræn framsetning skjala bætt. Viðskiptalausnir banki-til-bókhalds gerir viðskiptavinum kleift að tengja greiðslu- og innheimtukerfi beint við bankann, sem eykur framleiðni og stýttir vinnslutíma. Sérstök áhersla hefur verið lögð á öryggismál með bættri aðgangsstýringu. Fjöldi notenda Fyrirtækjbankans tvöfaldaðist og fjöldi afgreiðslna þrefaldaðist.


Innlán á Íslandi



Hlutfall viðskiptavina sem telja bankann framsækinn



Útlán á Íslandi





Ársæll Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lögfræðisviðs

Útibúanet

Útibú bankans heyrir beint undir bankastjórn en starfsemi þeirra er einnig studd af einstökum sviðum í höfuðstöðvum.

Á árinu 2004 var lögð áhersla á áframhaldandi hagræðingu í útibúaneti bankans og það aðlagð auknu framboði sjálfs-afgreiðsluleiða fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Fjögur minni útibú voru sameinuð stærri útibúum í næsta nágrenni. Í lok árs voru útibú og afgangur 48 talsins.

Á sama tíma voru mörg af helstu útibúum bankans eflað verulega með endurbótum á aðstöðu fyrir viðskiptavinum og starfsfólki, ásamt ráðningu sérhæfðra ráðgjafa og sérfræðinga. Þjónusta útibúa var einnig eflað með endurnýjun á upplýsingakerfum þeirra. Eitt af stærri verkefnum ársins var innleiðing nýs viðskiptamannakerfis sem ætlað er að stórefla þjónustu við viðskiptavinum og styrkja verulega markaðssókn bankans á einstaklingsmarkaði.

Tvö af stærstu útibúum bankans í Reykjavík, Múlaútibú og Austurbæjarútibú, hafa verið sameinuð að Laugavegi 77. Í sameinuðu útibúi starfar fjöldi ráðgjafa og sérfræðinga sem eru í stakk búnir að veita einstaklingum og fyrirtækjum sérhæfða þjónustu. Vesturbæjarútibú við Hagatorg og útibúið við



Bæjarhraun í Hafnarfirði voru endurnýjuð frá grunni og þá flutti útibúið í Kópavogi í nýtt og glæsilegt húsnæði við Hamraborg.

Útibúanet bankans utan höfuðborgarsvæðisins var einnig eflt til muna. Miklar endurbætur voru gerðar í útibúunum á Ísafirði, Hornafirði og Selfossi og aðstaða stórbætt fyrir viðskiptavinum og starfsfólki. Loks voru gerðir samningar við Íslandspóst þess efnis að bankinn annaðist póstafréttislausu í nokkrum smærri byggðarlögum á Austurlandi.

Landsbankinn hefur um áratugaskeið verið leiðandi á sviði gjaldeyrisþjónustu við ferðamenn á Keflavíkurflugvelli og í helstu höfnum landsins. Á árinu var samningur bankans við Flugstöð Leifs Eiríkssonar um gjaldeyris- og bankaþjónustu endurnýjaður. Í samningnum er gert ráð fyrir að þjónusta við ferðamenn verði eflað verulega með nýjum afgangslustöðum í biðsal og komusal flugstöðvarinnar, fjölgun hraðbanka og fleiri nýjungum.

Lögfræðisvið, útlánaeftirlit og útibúþjónusta

Lögfræðisvið annast innheimtu fyrir útibú, umsýslu og sölu fullnustueigna og alla lagalega ráðgjöf fyrir bankann. Ýmis verkefni tengd rekstri viðskiptabankahlutans eru á ábyrgð sviðsins, þar á meðal greiðsluþjónusta og yfirferð á skráningum útlánaskjala. Sviðið hefur eftirlit með nýjum lánveitingum, milliinnheimtu og endanlegum afskriftum og semur skýrslur fyrir bankastjórn og bankaráð um gæði útlána. Loks annast sviðið útibúaskoðanir og gerð skýrsla til Fjármálaeftirlits um stórar áhættuskuldbindingar, útlán og vanskil.

Mikil áhersla var lögð á að auka skilvirkni í innheimtu útlána og útlánaeftirliti, meðal annars með nýjum kerfislausnum og ítar-



Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs


Rekstrarsvið

legri skýrslugerð. Unnið er að því að byggja upp gagnagrunna um tryggingar í tengslum við innleiðingu viðskiptakerfisins Spaks (CRM). Með nýjum hugbúnaði verður hægt að vinna ítarlegri greiningar á tryggingum og veðandlögum og halda betur utan um og meta tryggingarstöðu bankans gagnvart viðskiptamönnum sínum. Stjórnendur munu því öðlast skýrari sýn yfir heildarútlán bankans.

Fjárhags- og rekstrarmál bankans eru á ábyrgð Rekstrarsviðs. Sviðið skiptist í fjárhagsdeild og eignadeild. Fjárhagsdeild hefur með höndum reikningshald og innri fjármál bankans, annast uppgjör og stýrir gerð ársreikninga. Eignadeild hefur umsjón með innri rekstrarþáttum bankans, þar á meðal öryggismálum og viðhaldi á öllum fasteignum.

Meginverkefni sviðsins á árinu 2004 tengdust miklum breytingum í rekstarumhverfi fjármálastofnana. Í ársbyrjun 2005 voru teknir upp nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, IFRS, sem gilda fyrir öll skráð fyrirtæki í Kauphöll Íslands. Breytingin mun hafa óveruleg áhrif á rekstarniðurstöðu bankans. Einnig er unnið að innleiðingu nýrra eiginfjárreglna, BASEL II, sem gilda munu um öll fjármála-fyrirtæki. Gildistöku reglnanna hefur verið frestað um tvö ár en viðamikill undirbúningur stendur yfir til að uppfylla þær ríku kröfur sem reglurnar gera.

Rekstrarsvið hafði yfirumsjón með mikilli endurnýjun á húsnæði höfuðstöðva og útibúa. Starfsemi höfuðstöðva var sameinuð í miðbæ Reykjavíkur. Samhliða endurbótum í húsnæðismálum voru innri öryggismál endurskoðuð og öryggisbúnaður uppfærður.






Atli Atlason, framkvæmdastjóri Starfsmannasviðs

Starfsmannastefna og fræðslustarf

Aukin umsvif bankans hafa kallað á breytingar á starfsmannastefnu bankans auk annarrar endurskipulagningar. Markvisst var unnið að því að efla öll svið og útibú bankans. Breytt starfs- umhverfi og aukin samkeppni kallar á fleiri sérmenntaða starfsmenn og ráðningar hafa miðað að því að laða að öflugt og vel menntað starfsfólk.

Starfsþróun er sem fyrr forgangsráði í Landsbankanum. Ný starfsmannastefna var innleidd og fyrirkomulag starfsmannasamtala endurbætt. Árlega eru framkvæmdar vinnustaðagreiningar innan bankans þar sem viðhorf starfsmanna til stjórnenda og bankans er kannað.

Í fræðslustarfi var lögð áhersla á að viðhalda og efla samkeppnisstöðu Landsbankans með því að bjóða upp á stefnumiðaða þjálfun. Landsbankinn hlaut Starfsmenntaverðlaunin fyrir árið 2004 í flokki fyrirtækja fyrir framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar á Íslandi. Í rökstuðningi dómnefndar segir meðal annars að öflugt fræðslustarf bankans hafi vakið verðskuldaða athygli. Forseti Íslands afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn.





Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Upplýsingatæknisviðs

Upplýsingatækni

Upplýsingatæknisvið tryggir að önnur svið bankans hafi þann búnað og tæki sem þau þurfa til að ná markmiðum sínum. Öll bakvinnsla verðbréfa-, gjaldeyris- og afleiðuviðskipta heyrir undir sviðið, svo og reikningshald og rekstur sjóða. Mikil áhersla er lögð á tæknilausnir og sjálfvirkni í bakvinnslu til að tryggja öryggi, hraða og eftirlit í frágangi viðskipta.

Allur vélbúnaður bankans var endurnýjaður á árinu, svo sem vinnustöðvar, miðlarar, netbúnaður og símar. Samhliða þessari endurnýjun var tæknilegri uppbyggingu víða breytt, sem hefur leitt til verulegrar einföldunar á öllu rekstrarumhverfi. Með árangursríkri innleiðingu á sýndartækni fyrir miðlara hefur til dæmis tekist að fækka þeim um 40%. Nýtt símkerfi sem byggir á tölvunetum fremur en hefðbundinni símtækni var tekið í notkun. Ljóst er að nýja tæknin er hvort tveggja einfaldari í notkun og ódýrari.

Bankinn hefur lagt mikla áherslu á að vinna verkefni innan bankans en velja sér samstarfsaðila þegar slíkt hentar betur. Vefur bankans, erlent lánakerfi og viðskiptaumsjónarkerfi fyrir útibú hafa til að mynda verið unnin í nánu samstarfi við aðila utan bankans með góðum árangri. Bankinn hefur ýmist fengið aðila til liðs við sig í afmörkuðum hlutum þessara verkefna eða keypt kerfi í heild sinni. Haldið verður áfram af fullum krafti að þróa kerfi til að mæta þörfum bankans og auka viðbragðsflýti.

Á árinu fóru um 40 milljónir fjárhagslegra færslna í gegnum grunnkerfi bankans og ríflega 350 milljónir færslna af öðru tagi. Gert er ráð fyrir að færslum fjölgi talsvert þar sem ný kerfi bankans bjóða upp á töluvert meiri þjónustu en áður.

Öll kerfi bankans eru skrifuð með .Net tækni frá Microsoft til að hraða og auðvelda alla þróun og tryggja að kerfi nýtist í mörgum ólíkum miðlum og dreifileiðum. Notendaviðmót er skrifað í C#, en grunnkerfi eru þróuð í C++ með aðkeyptum hlutasöfnum og keyra að mestu á IBM AIX stýrikerfi. Megin gagnagrunnur bankans er Oracle, en notkun á SQL frá Microsoft færir æ meira í aukana.

Öryggismál hafa fengið aukið vægi. Sérstakur upplýsingaöryggisstjóri var ráðinn á árinu en hann hefur það hlutverk að móta vinnuferli byggð á leiðbeiningum og tilmælum frá ýmsum ytri aðilum. Með þessu eru samræmd atriði sem tengjast aukinni sjálfvirkni í innri ferlum, gerð viðlagaáætlana, endurskoðun og eftirliti með kerfum og búnaði í samræmi við ISO-17799 og aðra sambærilega staðla. Bankinn stefnir á að öll ferli verði að fullu í samræmi við ISO-17799 á árinu 2005.



Áhættustýring

Starfsemi Landsbankans felur í sér áhættu og hlutverk áhættustýringar er að tryggja að hún sé innan skynsamlegra marka. Með áhættu er átt við óvissu um framtíðarafkomu bankans og er hún mæld eftir áhættuþáttum samstæðunnar. Helstu markmið áhættustýringar eru að vernda fjárhagslegan styrk bankans og tryggja að ímynd hans bíði ekki álitshnekki. Nokkur meginatriði eru höfð að leiðarljósi: Verndun fjárhagslegs styrkleika samstæðunnar, skilgreining á áhættu stjórnskipulags, óháð áhættueftirliti og þróun á aðferðum við mat og mælingu á áhættu.



Landsbankinn verndar fjárhagslegan styrkleika sinn með því að fá viðunandi umbun fyrir þá áhættu sem hann tekur og endurmeta reglulega vilja og getu bankans til að taka áhættu, meðal annars með endurskoðun heimilda til áhættutöku.

Bankaráð setur ramma fyrir leyfilega áhættutöku. Bankastjórn tryggir skýra og skilvirka áhættustýringu með fjórum fastanefndum: Lánanefnd, fjármálanefnd, rekstrarnefnd og eignastýringarnefnd. Þeirra mikilvægastar eru lánanefnd bankans, sem tekur ákvarðanir um lánastarfsemi, og fjármálanefnd sem tekur á málafnum verðbréfasviðs.

Áhættueftirlit felst í að tryggja að heildaráhætta sé ávallt innan skilgreindra og viðunandi marka og að bankinn búi yfir tækni til að mæla og takmarka áhættustig sitt í heild. Bankinn metur áhættustöðu sína eftir því hvers eðlis áhættan er og skiptir henni í mótaðilaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu og loks áhættu vegna samsetningar eigna og skulda.

Fjármálagerningar

Innlán viðskiptavina eru hvort tveggja á föstum og breytilegum vöxtum til mismunandi langs tíma og leitast er við að ná vaxtamun með vandaðri fjárfestingarstefnu. Framlegð bankans er tryggð með skammtímalánum og útlánum til lengri tíma ásamt því að viðhalda nægilega sterkri lausafjárstöðu til að mæta öllum skuldbindingum.

Með útlánum til fyrirtækja og einstaklinga með mismunandi lánshæfi er kappkostað að ná viðunandi vaxtaframlegð að teknu tilliti til afskrifta. Slík áhætta felur ekki aðeins í sér útlán og

fyrirgreiðslur innan efnahagsreiknings, heldur gengst bankinn einnig í ábyrgðir.

Í viðskiptum og stöðutöku með fjármálagerninga, svo sem afleiður, hvort tveggja innan og utan skipulegra verðbréfa-markaða, nýtir bankinn sér skammtimahreyfingar á hluta- og skuldabréfamarkaði, svo og hreyfingar á gengi gjaldmiðla og vöxtum. Yfirleitt er vegið upp á móti gjaldeyrisáhættu, auk þess sem sértækar áhættuvarnir eru notaðar.

Hluti gjaldeyrisáhættu bankans er varinn með gjaldeyrisvaxta-skiptasamningum. Vaxtaáhætta er einnig varin að hluta fyrir hvers kyns rýrnun á markaðsvirði eigna á föstum vöxtum og hækkun á markaðsvirði bundinna innistæðna viðskiptavina með vaxtaskipta- og gjaldmiðlaskiptasamningum.

Mótaðilaáhætta

Með mótaðilaáhættu er átt við að mótaðili reynist ófær um að mæta skuldbindingum að fullu þegar þær gjaldfalla. Framlög eru veitt í afskriftasjóð til að mæta hugsanlegu tapi. Kappkostað er að stýra mótaðilaáhættu af vandvirgni til að mæta verulegum efnahagslegum sveiflum eða breytingum í tiltekinni atvinnugrein, sem kynnu að hafa neikvæð áhrif á eignasafn bankans.

Bankinn stýrir mótaðilaáhættu með því að setja mörk um viðunandi áhættu gagnvart einstökum lántökum eða hópum lántaka og tilteknum landsvæðum eða atvinnugreinum. Slíkir áhættuþættir eru undir stöðugu eftirliti og eru þeir endurskoðaðir minnst árlega.

Mótaðilaáhættu er stýrt með mati á lánshæfi viðskiptavinar og reglulegu mati núverandi lántaka til að standa við skuldbindingar, svo sem með því að breyta útlánaheimildum. Henni er einnig stýrt að hluta með því að afla veðtrygginga sem og ábyrgða fyrirtækja og einstaklinga.



(a) Afleiður

Verðbréfasvið stýrir mótaðilaáhættu afleiðusamninga sem hluta af útlánaheimildum viðskiptavina, ásamt hugsanlegri áhættu af markaðshreyfingum. Áhætta afleiðuviðskipta er metin sem útlánaígildi sem samanstendur af markaðsvirði samningsins og metinni framtíðaráhættu.

(b) Greiðslujöfnunarsamningar

Bankinn takmarkar enn frekar tapsáhættu afleiðusamninga með því að gera greiðslujöfnunarsamninga við mótaðila. Greiðslujöfnunarsamningur dregur úr mótaðilaáhættu komi til greiðslufalls, en þá gjaldfalla allar fjárhæðir gagnvart mótaðila og eru gerðar upp á nettógrunni.

(c) Útlánatengdar skuldbindingar

Útlánatengdar skuldbindingar tryggja að fjármagn sé aðgengilegt í samræmi við þarfir viðskiptavina. Ábyrgðir, sem fela í sér óafturkræfa tryggingu fyrir því að bankinn inni greiðslur af hendi til þriðja aðila standi viðskiptavinur ekki við skuldbindingar, fela í sér útlánaáhættu. Innflutnings- og skjalaábyrgðir eru veðtryggðar með vörusendingum og því stafar minni áhætta af þeim en beinum útlánum.

Ónotaðar lánsheimildir fela í sér skuldbindingar um aukningu útlána í formi lána eða ábyrgða. Hugsanlegt er að bankinn verði fyrir tapi sem nemur heildarfjárhæð ónotaðra heimilda vegna mótaðilaáhættu. Bankinn hefur eftirlit með binditíma lánsheimilda, því langtímaskuldbindingum fylgir almennt meiri útlánaáhætta.



Markaðsáhætta

Markaðsáhætta myndast við stöðutöku í vöxtum, gjaldeyri og verðbréfum, en öllum þessum þáttum fylgir áhætta af markaðshreyfingum. Bankinn styðst við vágildisgreiningu (Value-at-Risk), til að meta markaðsáhættu af stöðutöku, og áætla hámarkstap á grundvelli væntinga um ýmsar breytingar á markaðsaðstæðum. Fjármálanefnd setur mörk um leyfilegt áhættuvirði og er það vaktad daglega.

Daglegt markaðsvirði í húfi (vágildi) er mat á hugsanlegu tapi ef stöður haldast óbreyttar í einn viðskiptadag með 99% öryggismörkum. Miðað er við að daglegt tap fari ekki yfir vágildið oftar en á 100 daga fresti að meðaltali. Reglulegt eftirlit er haft með raunverulegri útkomu til að prófa sanngildi þeirra áætlana og breyta sem notaðar eru við útreikning vágildis.

Fjármálanefnd setur vágildismörk fyrir öll viðskipti með verðbréf, vexti, gjaldeyri, afleiður og eignasöfn. Stjórnendur bera daglega saman raunverulega áhættu við heimildir og vágildi. Þessar

aðferðir útiloka þó ekki tap utan markanna þegar verulegar markaðshreyfingar eiga sér stað.

Gjaldeyrisáhætta

Gengisbreytingar helstu erlendra gjaldmiðla hafa áhrif á fjárhagsstöðu og sjóðstreymi og fela í sér gjaldeyrisáhættu. Fjármálanefnd setur áhættumörk fyrir hvern gjaldmiðil og heildargjaldeyrisstöðu, hvort tveggja yfir nótt og innan dags, og eru þær vaktad daglega. Taflan að neðan sýnir samantekt á eignum og skuldum bankans á bókfærðu verði, flokkaðar eftir gjaldmiðli. Fjárhæð utan efnahagsreiknings sýnir mismun á grundvallarfjárhæð fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðlum og markaðsvirði þeirra.

Markaðsáhætta

Allar fjárhæðir í milljónum króna	1.1.2004 – 31.12.2004			1.1.2003 – 31.12.2003		
	Meðaltal	Hæsta	Lægsta	Meðaltal	Hæsta	Lægsta
Vaxtaáhætta	37	84	3	43	87	15
Gjaldeyrisáhætta	4	27	0	6	29	0
Hlutabréfaáhætta	667	1.662	339	160	498	44
Samtals	718	1.773	342	209	615	59

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta Landsbankans felst í beinu eða óbeinu tapi vegna ófullnægjandi eða gallaðra verkferla eða kerfa, mistaka starfsfólks eða utanaðkomandi atvika. Bankinn leitast við að stýra rekstraráhættu með sem skilvirkustum hætti.

Áhætta vegna samsetningar eigna og skulda

a) Vaxtaáhætta bankabókar

Vaxtaáhætta Landsbankans er tvíþætt. Annars vegar er hún vegna áhrifa vaxtabreytinga á veltubók bankans (markaðsskuldabréf og afleiðusamningar sem flokkast undir markaðsáhættu). Hins vegar er hún vegna áhrifa á vaxtamun sem skapast við ójafnvægi í vaxtaviðmiði annarra eigna og skulda bankans (kölluð vaxtaáhætta bankabókar og flokkast undir áhættu vegna samsetningar eigna og skulda).

b) Lausafjáraáhætta

Með lausafjáraáhættu er átt við að bankinn eigi á ákveðnum tíma ekki nægjanlegt lausafé til að mæta skammtímaskuldbindingum. Stefna bankans í lausafjástýringu er að tryggja að hann hafi ávallt nægt lausafé til að mæta skammtímaskuldbindingum, án þess að takmarka getu bankans til að bregðast við tækifærum á markaði. Fjármálanefnd bankans mótast stefnu í lausafjástýringu, hefur eftirlit með lausafjástöðu og er ráðgefandi um eigna- og skuldasamsetningu bankans. Markmiðið er að lágmarka sveiflur í lausafjástöðu og tryggja að bankinn hafi ávallt nægjanlegt aðgengi að fjármagni til að mæta útstreymi vegna skuldbindinga næsta mánaðar. Fjástýring annast lausafjástýringu bankans og metur áætlað greiðsluflæði fram í tímann í samvinnu við Áhættustýringu.

Lausafjárlutfall bankans var 1,389 í lok síðasta árs, og er það reiknað út með því að vega og meta eignir og skuldir bankans samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands nr. 386 um lausafjárlutfall.



Mark Sismey-Durrant, framkvæmdastjóri Heritable Bank

Dótturfélög

Heritable Bank í London

Heritable Bank hefur starfað á sviði fjármögnunar fasteigna og stundað innlánastarfsemi allt frá stofnun bankans árið 1877. Í dag veitir bankinn sérhæfða þjónustu og ráðgjöf á sviði verkefnafjármögnunar á fasteignum og fasteignaveðlána til kaupa á íbúðarhúsnæði. Bankinn tekur við innlánum frá breskum stofnunum, háskólum og stærri fyrirtækjum og býður einnig upp á hagstæðar sparnaðarleidir fyrir einstaklinga.

Efnahagslegt umhverfi

Í ársbyrjun var hagvöxtur með besta móti í Bretlandi, sem rekja má til hagstæðra aðstæðna á fasteignamarkaði og mikillar einkaneyslu. Seðlabanki Bretlands hefur hækkað stýrivexti fimm sinnum frá árslokum 2003, úr 3,5% í 4,75% í árslok 2004. Þetta leiddi til umtalsverðs samdráttar á fasteignamarkaði og í einkaneyslu á síðasta ársfjórðungi 2004.

Rekstarafkoma

Heritable Bank náði góðum árangri á árinu við þessar efnahagslegu aðstæður. Umsvif bankans jukust á öllum meginsviðum hans. Árangur hefur náðst í að auka fjölbreytni og breidd í eignasafni og fjármögnun bankans. Heildareignir jukust umtalsvert,

eða úr GBP 137 milljónum í GBP 365 milljónir. Á sama tíma jukust heildarinnlán úr GBP 66 milljónum í GBP 307 milljónir, sem samsvarar 465% aukningu, og nægir það til að fjármagna stækkun efnahagsreiknings.

Útlán í fyrirtækjapjónustu Heritable námu í árslok GBP 189 milljónum, og eru aðallega veitt til verkefnafjármögnunar íbúðarhúsnæðis um allt Bretland. Þetta samsvarar 75% aukningu frá 2003. Útlán eru veitt til tiltölulega skamms tíma og mikið er um reglubundin viðskipti. Vöxt bankans má þakka skilvirkri markaðssetningu, sérhæfðum vörum og markvissri ráðningu starfsmanna. Lítillega dró úr framlegð, sem endurspeglar samkeppni um nýja viðskiptavinum, en háar þóknunartekjur vögu þar á móti og gott betur.

Sérhæfð fasteignaveðlán, sem fyrst voru boðin á þriðja ársfjórðungi 2003, námu GBP 151 milljón, sem er aukning um GBP 16 milljónir frá áramótum. Útbreiðsla þessarar þjónustu fer fyrst og fremst fram í gegnum veðlánameiðlara, en þeim fer fjölgandi. Þetta kerfi hefur reynt afar vel og lánsútsóknir fjölgaði mun meira en áætlað var í fyrstu. Helmingur veðlána er veittur lán-tökum sem hyggjast sjálfir nota húsnæðið sem fjárfest er í og hinn helmingurinn er veittur til fjárfestinga í fasteignum til útleigu. Heritable hefur getið sér gott orð fyrir sérþekkingu á sviði fjármálaþjónustu við efnaða viðskiptavinum, erlenda ríkisborgara og fagfjárfesta í fasteignum til útleigu. Kröfur bankans um tryggingar eru hófsamar og gæði eigna hafa verið fullnægjandi. Vaxtaframlegð fór batnandi er leið að árslokum og þóknunartekjur voru framar vonum.

Í samræmi við markmið Landsbankans um að breikka innlána-grunn sinn fékk Heritable einkunn hjá lánshæfismatsfyrirtækinu Fitch á árinu 2004. Heildarinnlán á heildsölustigi jukust í GBP 266 milljónir úr GBP 56 milljónum í ársbyrjun. Fyrir vikið hefur dregið úr fjármagnskostnaði samstæðunnar ásamt því að skilvirk lausafjárstýring er nú orðin auðveldari en áður.

Heritable Bank

Meginstarfsemi: Fjármögnun fasteigna, innlán

Stofnár: 1877

Höfuðstöðvar: Mayfair, London

Fjöldi starfsmanna: 42

Heildareignir: GBP 365 milljónir

Heildarinnlán: GBP 307 milljónir

Heildarútlán: GBP 340 milljónir

Hagnaður fyrir skatta: GBP 3 milljónir



Gunnar Thoroddsen, framkvæmdastjóri Landsbanki Luxembourg

Í júní 2004 hóf bankinn að bjóða sparnaðarleiðir fyrir einstaklinga. Takmörkuðu úrvali af sparnaðarleiðum var hleypt af stokkunum. Þessar vörur hafa komið Heritable hvað eftir annað á lista fjölmiðla yfir bestu sparnaðarleiðirnar og vakið þannig athygli á bankanum. Þetta leiddi til þess að innlán jukust í GBP 41 milljón í árslok.

Hagnaður fyrir skatta jókst í GBP 3,0 milljónir, eða um 20%, og fullnægjandi árangur náðist í að bæta kostnaðarhlutfall og hlutfall rekstrarkostnaðar af eignum í stýringu. Afkoma fyrirtækjaþjónustu Heritable var góð og nýju fasteignaveðlánin stóðu undir rekstri. Gæði eigna voru mikil og óvaxtaberandi útlán voru í lágmarki.

Horfur

Stefnumörkun Heritable byggir á áframhaldandi vexti núverandi starfsemi ásamt útvíkkun í nýja og sérhæfða lánastarfsemi bæði með stofnun rekstrar og kaupum fyrirtækja. Búist er við að sá samdráttur sem hófst á breskum fasteignamarkaði þegar líða tók að árslokum 2004 verði viðvarandi á árinu 2005. Þótt Heritable Bank sé ekki undanþeginn áhrifum þessarar þróunar, telur bankinn sig vera í sterkri stöðu til að nýta sér sóknarfæri á sérsviðum sínum.

Landsbanki Luxembourg S.A.

Landsbanki Luxembourg S.A. er dótturfélag að fullu í eigu Landsbankans. Bankinn býður upp á margvíslega einstaklingsþjónustu, eignastýringu og aðra fjármálaþjónustu. Einnig hefur hann myndað traust viðskiptasambönd við lítil og meðalstór fjármálafyrirtæki í Norður-Evrópu, sem veita þjónustu á sviði fjármögnunar og eignastýringar. Þar að auki tekur bankinn þátt í að fjármagna kaup efnadra evrópskra fjárfesta á fasteignum til atvinnurekstrar í Evrópu.

Rekstrarafkoma

Hagnaður bankans fyrir skatta nam EUR 6,7 milljónum, sem samsvarar 136,4% aukningu milli ára. Kostnaðarhlutfallið var 38,7%, sem er töluvert lægra en árið 2003, en þá var það 55,1%.

Heildareignir jukust um 81%, í EUR 1,2 milljarða, að mestu vegna aukinna útlána til viðskiptavina og lánastofnana. Útlán og fyrirgreiðslur til viðskiptavina jukust um 84% milli ára, í EUR 752 milljónir, og innlán um 56%, í EUR 159 milljónir. Þessi aukning endurspeglar hversu vel bankanum varð ágengt í einstaklingsþjónustu og eignastýringu. Arðsemi eigin fjár var 32% fyrir skatta.

Vörur og þjónusta

Einstaklingsþjónusta jókst umtalsvert, hvort sem litið er til fjölda nýrra viðskiptavina eða umfangs viðskipta. Skuldsett kaup verðbréfa héldu áfram að skipa stóran sess í útlánastarfsemi bankans, en hann sótti einnig inn á ný markaðssvæði með einstaklingsþjónustu sína, einna helst á Spáni og í Frakklandi. Bankinn býður meðal annars upp á að nýta veðheimildir í fasteignum til að losa um hreina eign og fjárfestingarvörur sem sniðnar eru að þörfum efnadra Evrópubúa sem eiga fasteignir á Spáni eða í Frakklandi. Einnig býður hann upp á fjármögnun með kaupum og endurleigu og ýmsa sérsniðna verkefnafjármögnun.

Bankinn sér fram á frekari vöxt á þessum markaðssvæðum og hyggur á enn frekari framrás. Á árinu hleypti bankinn af stokkunum ýmsum nýjum vörum sem ætlað er að mæta eftirspurn um þjónustu á sviði eignastýringar.

Landsbanki Luxembourg S.A.

Meginstarfsemi:	Sérbankþjónusta, fyrirtækjaviðskipti
Stofnár:	2000
Höfuðstöðvar:	Route de Thionville, Lúxemborg
Fjöldi starfsmanna:	36
Heildareignir:	EUR 1,2 milljarðar
Heildarinnlán:	EUR 159 milljónir
Heildarútlán:	EUR 752 milljónir
Hagnaður fyrir skatta:	EUR 6,7 milljónir



Kjartan Georg Gunnarsson, framkvæmdastjóri SP-Fjármögnunar

SP-Fjármögnun hf.

SP-Fjármögnun hf. er eignarleigufyrirtæki í meirihlutaeigu Landsbankans, en bankinn á 51% hlut í fyrirtækinu. Starfsemi fyrirtækisins felst annars vegar í fjármögnun atvinnutækja, s.s. véla og tækjabúnaðar fyrir iðnað, sjávarútveg, landbúnað og aðra atvinnuvegi, og hins vegar í bílafjármögnun fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Á þeim tveimur árum sem Landsbankinn hefur átt meirihluta í SP-Fjármögnun hefur fyrirtækið byggt upp viðtækt viðskiptanet. Þetta net, ásamt öflugum samstarfi við Landsbankann, skapar félaginu sterka samkeppnisstöðu og gerir því kleift að veita viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu.

Rekstrarafkoma


Hagnaður fyrir skatta nam 378,3 milljónum króna, sem er metárangur í sögu fyrirtækisins. Hagnaður eftir skatta nam 303,8 milljónum, sem er 50% aukning frá fyrra ári. Útlán félagsins jukust verulega og námu nýjar lánveitingar 10,6 milljörðum, sem er 63% aukning milli ára. Heildareignir jukust um 34% og nema 14,9 milljörðum.



SP-Fjármögnun hf.

Meginstarfsemi:	Eignarleiga
Stofnár:	1995
Höfuðstöðvar:	Reykjavík
Fjöldi starfsmanna:	20
Heildareignir:	14,9 milljarðar kr.
Heildarútlán:	14,3 milljarðar kr.
Hagnaður fyrir skatta:	378,3 milljónir kr.

Hagnaður eftir skatta og heildarútlán SP-Fjármögnunar



Ársreikningur 2004

Lykiltölur Landsbanka Íslands

	2004	2003	2002	2001	2000
Operations					
Interest revenues	34,489	21,871	21,813	27,909	20,356
Interest expenses	19,587	12,540	14,082	19,136	14,330
Net interest revenues	14,902	9,331	7,732	8,772	6,026
Net profit from shareholdings	22	144	523	873	743
Commissions and fees	9,995	6,959	4,745	4,197	2,901
Commission expenses	(1,344)	(843)	(669)	(575)	-
Trading gains (losses)	9,830	2,673	208	(1,704)	(113)
Other revenues	194	718	1,378	687	403
Operating revenues	18,697	9,651	6,185	3,479	3,935
Net operating revenues	33,599	18,982	13,916	12,251	9,961
Payroll expenses	7,700	5,656	4,387	4,184	3,620
Administrative expenses	4,713	3,562	3,208	2,995	2,770
Depreciation of fixed assets	1,715	1,307	752	754	584
Other expenses	246	289	157	174	144
Operating expenses	14,374	10,815	8,505	8,108	7,118
Net provisions for credit losses	4,485	4,656	2,863	2,298	1,340
Profit before taxes and minority interests	14,740	3,512	2,549	1,846	1,504
Taxes	1,882	457	475	(9)	518
Minority interests	149	99	45	107	31
Net profit	12,709	2,956	2,028	1,749	955
Balance Sheet					
Cash and interbank operations	91,672	48,772	18,893	22,023	22,447
Loans	549,801	326,400	214,787	199,083	169,374
Securities and shareholdings	75,254	63,744	36,337	39,939	38,076
Other assets	13,651	9,323	7,808	7,881	9,398
Total assets	730,379	448,239	277,824	268,926	239,294
Financial institutions	63,476	43,840	30,665	29,410	36,981
Deposits	217,970	152,320	108,306	99,747	82,665
Funding	372,424	209,357	108,479	111,639	97,152
Other items	14,950	6,389	5,057	3,131	2,706
Subordinated loans	22,552	13,090	8,216	8,527	5,436
Minority interests	991	862	792	967	716
Equity	38,016	22,382	16,309	15,505	13,639
Total liabilities and equity	730,379	448,239	277,824	268,926	239,294
Key ratios					
Return on equity before taxes	58.1%	20.9%	17.0%	13.9%	12.7%
Return on equity after taxes	50.1%	17.6%	13.5%	13.1%	8.1%
Tier 1 ratio	7.8%	6.9%	7.7%	7.5%	7.2%
Equity ratio	10.4%	9.9%	10.6%	10.4%	8.7%
Cost-income ratio	42.8%	57.0%	61.1%	66.2%	71.5%
Operating expenses as a ratio of average capital position	2.5%	3.0%	3.1%	3.2%	3.3%
Interest spread as a ratio of average capital position	2.62%	2.62%	2.83%	3.45%	2.86%
Ratio of provision to lending position at year-end	0.83%	1.47%	1.33%	1.17%	0.83%
Total assets per position at year-end	652	415	282	270	240
Share price at year-end	12.10	5.80	3.65	3.39	3.45
Share price increase adjusted for dividend payments	110.3%	61.6%	10.6%	0.1%	-22.1%
Number of positions at year-end	1,121	1,025	986	997	996

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Lykiltölur Landsbanka Íslands

Operations	2004	2004	2004	2004	2003	2003	2003	2003
	Q4	Q3	Q2	Q1	Q4	Q3	Q2	Q1
Interest revenues	10,780	8,186	8,772	6,751	6,453	5,393	4,704	5,321
Interest expenses	6,060	4,385	5,306	3,836	3,721	2,971	2,603	3,245
Net interest revenues	4,720	3,801	3,466	2,915	2,732	2,422	2,101	2,077
Net profit from shareholdings	(78)	55	26	18	6	71	(2)	70
Commissions and fees	3,146	2,389	2,054	2,406	1,818	1,774	2,139	1,226
Commission expenses	(382)	(365)	(301)	(296)	(299)	(230)	(169)	(145)
Trading gains	(2,144)	6,592	1,161	4,221	807	1,114	427	325
Other revenues	(0)	120	26	48	110	60	48	500
Operating revenues	542	8,791	2,966	6,397	2,443	2,789	2,443	1,977
Net operating revenues	5,263	12,592	6,432	9,313	5,175	5,211	4,544	4,053
Payroll expenses	2,112	2,266	1,701	1,620	1,741	1,485	1,255	1,175
Administrative expenses	1,287	1,286	1,124	1,015	1,085	836	838	803
Depreciation of fixed assets	316	684	235	480	388	459	252	208
Other expenses	43	30	20	153	(2)	95	39	158
Operating expenses	3,758	4,267	3,080	3,269	3,212	2,874	2,384	2,345
Net provisions for credit losses	1,223	1,293	978	991	1,418	809	1,642	788
Profit before taxes and minority interests	282	7,032	2,374	5,053	545	1,528	518	921
Taxes	(784)	1,330	405	931	75	216	81	84
Minority interests	52	42	27	27	28	19	29	23
Net profit	1,014	5,660	1,941	4,094	442	1,293	408	813

Balance Sheet

	31.12.2004	30.9.2004	30.6.2004	31.3.2004	31.12.2003	30.9.2003	30.6.2003	31.3.2003
Cash and interbank operations	91,672	84,977	53,260	57,461	48,772	33,450	29,880	20,039
Loans	549,801	487,076	431,822	384,596	326,400	286,113	264,071	215,793
Securities and shareholdings	75,254	56,311	62,406	58,191	63,744	41,358	27,028	37,788
Other assets	13,651	10,049	11,005	10,761	9,323	7,571	7,847	7,273
Total assets	730,379	638,413	558,493	511,008	448,239	368,492	328,826	280,893
Financial institutions	63,476	52,323	51,516	29,147	43,840	14,658	44,103	25,438
Deposits	217,970	224,848	188,579	182,542	152,320	147,830	128,625	113,960
Funding	372,424	287,944	262,663	245,105	209,357	171,015	126,448	111,426
Other items	14,950	11,027	7,685	7,697	6,389	2,826	3,008	4,044
Subordinated loans	22,552	23,416	14,897	15,333	13,090	9,910	8,687	8,207
Minority interests	991	939	897	870	862	834	844	813
Equity	38,016	37,916	32,256	30,314	22,382	21,420	17,111	17,006
Total liabilities and equity	730,379	638,413	558,493	511,008	448,239	368,492	328,826	280,893

Profit by Business Segments for the year 2004

	Commercial banking	Securities & Treasury	AM & PB *	Other	Total
Net interest revenues	13,948	(187)	1,141	0	14,902
Operating revenues	3,760	3,879	1,228	0	8,867
Trading gains (losses)	(46)	9,792	84	0	9,830
Net operating revenues	17,662	13,483	2,454	0	33,599
Operating expenses	8,617	2,153	1,714	1,889	14,374
Net provisions for credit losses	4,255	-4	235	0	4,485
Profit before taxes and minority interests	4,790	11,335	504	(1,889)	14,740

* Asset Management & Private Banking

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Skýrsla og áritun bankaráðs og bankastjóra

Ársreikningur Landsbanka Íslands hf. fyrir árið 2004 hefur að geyma samstæðureikning móðurfélags og dótturfélaga. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður bankans 12.709 milljónum króna eftir skatta á árinu 2004. Bankaráð mun leggja til á aðalfundi að hluthöfum verði greiddur 20% arður að fjárhæð 1.620 milljónir króna. Hagnaði verði að öðru leyti ráðstafað með þeim hætti sem fram kemur í yfirliti um breytingar á eigin fé í ársreikningi. Í árslok nam eigið fé samstæðu Landsbanka Íslands hf. 38.016 milljónum króna. Eiginfjárlutfall samstæðunnar, samkvæmt eiginfjárvæðum laga, var 10,4% í lok ársins. Heildareignir samstæðu bankans námu 730.379 milljónum króna í árslok 2004. Á árinu fór bankaráð yfir starfsreglur og starfshætti bankans

með hliðsjón af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnum árið 2004. Það er mat bankaráðs að starfsreglur og starfshættir bankans séu í samræmi við leiðbeiningarnar.

Í árslok 2004 voru hluthafar bankans 14.765. Samson eignarhaldsfélag ehf. á einn hluthafa meira en 10% eignarhlut í bankanum eða 44,79% í lok árs 2004.


Á árinu var hlutafé bankans aukið um 600 milljónir króna og er útgefið nafnverð hlutfjár 8.100 milljónir króna í lok árs 2004.

Í árslok 2004 voru 1.121 stöðugildi hjá samstæðunni og námu launagreiðslur 7.700 milljónum króna.


Bankaráð og bankastjórar staðfesta hér með ársreikning Landsbanka Íslands hf. fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. janúar 2005

Bankaráð


Björgólfur Guðmundsson


Kjartan Gunnarsson



Sindri Sindrason


Andri Sveinsson


Þorgeir Baldursson

Bankastjórar


Halldór J. Kristjánsson


Sigurjón Þ. Árnason

Áritun endurskoðenda

Til bankaráðs og hluthafa Landsbanka Íslands hf.

Við höfum endurskoðað samstæðureikning Landsbanka Íslands og tengdra félaga fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma ársskýrslu og áritun bankaráðs og bankastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 50. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum bankans og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

